

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 192/2018

2021/EES/15/20

frá 21. september 2018

um breytingu á IX. viðauka við EES-samninginn (Fjármálaþjónusta)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/633 frá 24. apríl 2018 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2016/1800 um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar röðun lánshæfismats utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtækja á hlutlægan kvarða lánshæfisþrepa í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB ⁽¹⁾.
- 2) IX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRÐUN:

1. gr.

Eftirfarandi er bætt við lið 1w (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1800) í IX. viðauka við EES-samninginn:

„, breytt með:

- **32018 R 0633:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/633 frá 24. apríl 2018 (Stjtið. ESB L 105, 25.4.2018, bls. 6).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2018/633, sem verður birtur í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 22. september 2018, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram ^(*), eða gildistökuðag ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 62/2018 frá 23. mars 2018 ⁽²⁾, eftir því hvor dagsetningin er síðar.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild Stjórnartíðinda Evrópusambandsins og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 21. september 2018.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Oda Helen Sletnes

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 105, 25.4.2018, bls. 6.

^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 26, 30.1.2020, bls. 50 og EES-viðbætur nr. 6, 30.1.2020, bls. 41.